

Alþingi  
Erindi nr. P 136/236  
komudagur 26.11.2008



ÞJÓÐKIRKJAN

Allsherjarnefnd alþingis  
fjárlaganefnd alþingis  
dóms- og kirkjumálaráðherra  
fjármálaráðherra

Reykjavík, 26. nóvember 2008

Í fjárlagafrumvarpi því sem lagt var fram 1. október sl. fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að lagðar verði til breytingar á lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Felast breytingarnar annars vegar í því að draga úr þeim hækkunum sóknargjalda sem eiga annars að ná fram að ganga samkvæmt reiknireglum tilvitnaðra laga um sóknargjöld, sem miða við hækkun á meðaltekjuskattstofni einstaklinga milli tveggja ára þ.e. áranna 2007 – 2008. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 er lagt til að dregið verði úr þessari hækkun sem nemur 1%. Sú skerðing á sóknargjöldum fæli sjálfkrafa í sér samsvarandi skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir því að afnema ákvæði um að gjald skv. 2. gr. laganna greiðist til Háskóla Íslands vegna einstaklinga sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi.

Kirkjuráð leggur áherslu á, verði talið nauðsynlegt að skerða sóknargjöld, að það sé gert með þeim hætti að setja sérstök lög sem gilda í eitt ár, eins og fordæmi eru fyrir, sbr. lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 148/2001, en ekki með þeim hætti að breyta varanlega lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Kirkjuráð bendir á að sóknargjöld ársins 2010 munu vafalaust lækka umtalsvert vegna framangreindra aðferða laganna við útreikning gjaldanna þar sem líklegt má telja að meðaltekjuskattstofn áranna 2008 – 2009 dragist saman. Kirkjuráð minnir á að ríkið innheimtir sóknargjöld fyrir skráð trúfélög með tekjuskatti, en ekki er um ríkisframlög til trúfélaganna að ræða. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, kemur m.a. fram að það var haft sem meginsjónarmið að kirkjan héldi tekjustofnum sínum og að mikilvægt væri að reglur tryggi stöðugleika á tekjustofnum sókna.

Kirkjuráð minnir enn fremur á ákvæði 4. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, en þar segir:

“Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt....”.


Hvað varðar framangreindar fyrirætlanir um breytingar á gjaldi til Háskóla Íslands, leggur kirkjuráð áherslu á að yfstrustu varkárni sé gætt við allar lagabreytingar á grundvelli 64. gr. stjórnarskrárinnar þar sem þar kemur fram grundvallar skilningur á eðli sóknargjalda og stuðningi ríkisins við trúfélög. Einnig þarf að gæta þess að sá

misskilningur komi ekki upp að verið sé að undanþiggja einstaklinga utan trúfélaga greiðslu sem samsvari sóknargjaldi.

Kirkjuráð minnir á að auk þeirrar varanlegu skerðingar á kirkjugarðsgjöldum sem gerð var 1992 og sem nam um 84 millj. kr. á ári á þáverandi verðlagi, voru sóknargjöld lækkuð um 7% eða 160 millj. kr. árið 2002, og varð sú skerðing varanleg einnig.

Kirkjuráð vísar til meðfylgjandi greinargerðar um fjármál kirkjunnar til nánari skýringar.

Virðingarfyllst f.h. kirkjuráðs

  
Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.  
Framkvæmdastjóri kirkjuráðs

## *Greinargerð um fjármál þjóðkirkjunnar*

### **Almennt**

Þjóðkirkjan starfar á grundvelli settra laga og samninga við ríkisvaldið. Fjárhagslegt sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar er mikið þ.m.t. gagnvart ríkinu. Hafa ber í huga að tekjur kirkjunnar eru frá henni sjálfri sprotnar að meginstefnu til en ekki ríkinu þótt framsetning fjárlaga beri þess ekki merki. Kirkjugarðar þjóna öllum þegnum landsins og er að lögum skylt að veita þjónustu á móti gjöldum. Þessi grundvallaratriði og gagnkvæmi skilningur hefur verið staðfestur í allri löggjöf og samningum ríkis og kirkju, síðast samningi sem gerður var 1998 milli aðila um fjármál. Þar segir m.a.: "*Auk þess innheimtir ríkissjóður eins og verið hefur sóknar - og kirkjugarðsgjöld fyrir Þjóðkirkju Íslands og innir af hendi lögbundnar greiðslur í kirkjumálasjóð, jöfnunarsjóð sókna og kirkjugarðasjóð*".

### **Sóknargjöld og Jöfnunarsjóður sókna**

Núverandi fyrirkomulag á innheimtu sóknargjalda var tekið upp með lögum um sóknargjöld o.fl. 1987 þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp og var þetta unnið í samstarfi ríkis og kirkju. Um var að ræða tæknilega breytingu á innheimtunni fyrst og fremst. Meginrökin voru að ekki væru lögð á sérgjöld utan staðgreiðslu og að afnema álagningarheimild kirkjusókna. Ríkið tók skv. lögunum að sér innheimtuna á sóknargjöldunum. Jöfnunarsjóður sókna var myndaður í stað sérstakrar heimildar sókna til viðbótarálagningar gjalda sem áður hafði verið fyrir hendi.

Í greinargerðinni með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 90/1987 segir m.a.: "*...kirkjan haldi tekjustofnum sínum óbreyttum miðað við það sem hún hefur nú. Jafnframt er mikilvægt að reglur sem settar verði tryggja stöðugleika á tekjustofnum sókna...*".

### **Kristnisjóður**

Kristnisjóður starfar skv. lögum um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970. Framlög ríkisins í Kristnisjóð er endurgjald ríkisins til kirkjunnar fyrir jarðir sem kirkjan afhenti ríkinu til umsjónar árið 1907. Þess í stað skuldbatt ríkið sig til greiðslu launa presta.

Allmörg prestaköll voru lögð niður árið 1970 og var ákveðið að stofnsetja Kristnisjóð og veita fé til hans í stað hinna niðurlögðu prestakalla. Með þessu móti var tryggt að ríkið héldi áfram að standa við framangreindar skuldbindingar sínar gagnvart kirkjunni frá 1907.

### **Kirkjumálasjóður**

Kirkjumálasjóður starfar skv. lögum um Kirkjumálasjóð nr. 138/1993. Áður en sjóðurinn var stofnaður voru ýmis kirkjuleg verkefni á fjárlögum, en voru með tilkomu sjóðsins færð undir hann. Verkefni voru þess í stað felld út úr fjárlögum. Áætlað var að verkefni þessi kostuðu um 84 millj. kr. og voru tekjur sjóðsins ákveðnar með hliðsjón af því og bundið í lögum um sjóðinn að þessi fjárhæð næmi 11,6% reiknað ofan á sóknargjöld þjóðkirkjumanna. Fækki í þjóðkirkjunni lækka tekjur Kirkjumálasjóðs af þessum lið. Samhliða þessum breytingum voru þáverandi kirkjugarðsgjöld skert um sömu fjárhæð þ.e. 84 millj. kr. Sú skerðing varð varanleg án þess að dregið væri úr kröfum um þjónustu

garðanna. Með því að skerða kirkjugarðsgjöldin náði ríkið fjármunum til að kosta framlög í Kirkjumálasjóð. Má því segja að sjóðurinn hafi verið ríkinu að kostnaðarlausu.

Kirkjumálasjóður hefur einnig tekjur á grundvelli samkomulags kirkju og ríkis frá 2006 um prestssetur og afhendingu þeirra. Reiknast endurgjald ríkisins til kirkjunnar fyrir afhentar eignir samkvæmt samkomulaginu sem 3% viðbót við sóknargjöld þjóðkirkjumanna. Alls greiðir ríkið því Kirkjumálasjóði 14,6% ofan á sóknargjöld þjóðkirkjumanna.

#### **Endurgjald ríkisins á grundvelli kirkjujarðasamkomulags ríkis og kirkju 1997 og samnings um prestssetur og afhendingu þeirra 2006.**

Þjóðkirkjan og ríkið gengu frá samkomulagi árið 1997 um afhendingu kirkjunnar á kirkjujörðum til ríkisins til fullrar eignar, gegn skuldbindingu ríkisins um greiðslu launa tiltekins fjölda vígðra þjóna þjóðkirkjunnar og starfsmanna á biskupsstofu auk tiltekins rekstrar- og embættiskostnaðar. Árið 2006 var síðan gengi frá samkomulagi milli kirkju og ríkis um prestssetrin og afhendingu þeirra. Samkvæmt samkomulaginu hækkaði framlag ríkisins til Kirkjumálasjóðs eins og að framan greinir um 3%.

#### **Kirkjugarðar**

Kirkjugarðar eru sjálfseignarstofnanir innan vébanda þjóðkirkjunnar en þjóna öllum landsmönnum óháð trúarafstöðu og trúfélagsaðild. Rekstur þeirra telst almannaþjónusta á sviði menningar- og heilbrigðismála. Árið 2004 var tekið upp það fyrirkomulag að rekstur kirkjugarða greiðist úr ríkissjóði samkvæmt gjaldalfkani sem aðilar komu sér saman um og er ekki lengur um persónubundin kirkjugarðsgjöld að ræða.

Nóvember 2008

Kirkjuráð